

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf. Bakka 1, Ölfusi



Dags eftirlits	16.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Laxar fiskeldi ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Bakka 1	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	621205-1370	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Arinbjarnar	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í kjölfar ábendinga um grugg í frárennsli. Í eftirlitinu var eitt frávik staðfest í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Frárennslisrör frá vinnsluhúsi og eldiskerum utandyra liggur út í opinn læk og litlu neðar er rist til að varna því að fiskur sleppi og hreinsar grófustu agnirnar úr frárennslinu. Ristin er það gróf að hún hreinsar ekki fóðurleifar og úrgang frá fiskinum. Sýnilegar fóðurleifar voru í botni við frárennslisop og í sjálfum viðtakanum. Engin teljanleg lykt var af frárennslinu en hitastig var undir frostmarki og veður stillt þegar eftirlitið fór fram. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila var ristinni komið upp fyrir u.þ.b. mánuði síðan.

Frávik frá

Grein 2.6 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Sjáanlegar fóðurleifar og grugg var í frárennslinu og einungis gróf rist til að hindra að fiskur sleppi út í viðtakann. Samkvæmt ákvæðum starfsleyfisins skal forhreinsa frárennsli áður en það berst í viðtaka og það skal vera í samræmi við bestu aðgengilegu tækni fyrir fiskeldi. Unnið að hönnun frárennslishreinsibúnaðar og er ráðgert að hann verði tekin í gagnið í seinasta lagi næsta sumar. Þá hefur verið farið yfir verkferla. Úrbætur verða teknar út í næsta reglubundna eftirliti

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.12.2017

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir